

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman.

1. Við 8. gr.
  - a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

Landspítali – háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn hvors spítala að öðru leyti falin sjö manna stjórnarnefndum. Hvor nefnd skal skipuð þannig að starfsmannaráð spítalans, sbr. 3. mgr. 32. gr., tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Forstjórar Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri skulu skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar spítalans samkvæmt stjórnskipulagi Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri spítalans í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.
  - b. Í stað orðanna „forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss“ í 1. efnismgr. c-liðar komi: forstjórar Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og í stað orðanna „Landspítala – háskólasjúkrahúss“ í 2. efnismgr. sama liðar komi: og Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.
  - c. D-liður orðist svo: Í stað orðsins „ríkisspítala“ og „3. mgr.“ í 1. másl. 8. mgr. kemur: Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og: 5. mgr. 29. gr.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2003. Þó skulu 3. og 11. gr. og ákvæði til bráðabirgða I, II og III öðlast þegar gildi.

**Prentað upp.**